

# *Náttúrustofa Austurlands*

## **Gróðurfar í fjallinu ofan við Neskaupstað**

Guðrún Á. Jónsdóttir

Mars 1998

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Gagnasöfnun	3
3. Staðhættir og gróðurfar	3
4. Gróðurlendi	4
Lyngmóar	
Graslendi	
Bersvæðagróður - mosaflákar	
Votlendi	
Snjódældagróður	
Skógrækt	
5. Gróður neðan Drangaskarðs	5
6. Flóra	5
7. Umræða og ályktanir	6
8. Heimildir	8

## Skrá yfir töflur og myndir

1. tafla	Háplöntutegundir neðan Drangaskarðs	9
2. tafla	Háplöntutegundir á rannsóknarsvæðinu	10
3. tafla	Mosategundir á rannsóknarsvæðinu	13
4. tafla	Gróðurkortalykill	13
1. mynd	Kort af útbreiðslu grástarar	14
2. mynd	Kort af útbreiðslu lyngbúa	15
3. mynd	Kort af útbreiðslu stinnasefs	16

## 1. Inngangur

Vorið 1997 fór Framkvæmdasýsla ríkisins þess á leit við Náttúrustofu Austurlands að hún legði mat á hvaða gögn um gróður þyrfti til að hægt væri að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðra snjóflóðavarna í fjallinu ofan við Neskaupstað, og aflaði þeirra gagna sem kynni að vanta. Verkfræðistofan Hönnun og ráðgjöf fékk síðan það verkefni að taka saman skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna snjóflóðavarnanna og var þetta verkefni unnið í samráði við verkfræðistofuna.

Í ljós kom að gróðurfur í fjallinu hefur talsvert verið kannaður og m.a. til allgóðar upplýsingar um plöntutegundir á vissum stöðum á svæðinu. Þar sem gróðurfur er nokkuð fjölbreytt í fjallshlíðinni og erfitt að lýsa því nema á korti var ákveðið að gera gróðurkort af fjallshlíðinni. Einnig var ákveðið að lýsa gróðurlendum og skrá tegundir á fleiri stöðum en áður hafði verið gert.

Í þessari skýrslu er leitast við að gera grein fyrir gróðurfari á svæðinu og meta náttúruverndargildi þess.

## 2. Gagnasöfnun

Rannsóknarsvæðið er í fjallinu fyrir ofan byggðina í Neskaupstað, frá Miðstrandargili að innan og nokkuð út fyrir Bakkalæk. Það nær frá gördum efstu húsa í bænum og upp í megin hamrabelti fjallsins í um 400 m. h.y.s. Gróðurskoðun var einnig gerð í Rósubotnum og alveg upp í Drangaskarð.

Tegundaskráning var gerð á þartilgerð eyðublöð og við gerð gróðurkortsins var gengið út frá gróðurgreiningalykli Náttúrfræðistofnunar Íslands (1997, óbirt). Kortið var teiknað með loftmynd, sem tekin var í ágúst 1997, sem grunn (stækkun 1:5000). Mosasýnum var safnað hér og þar af rannsóknarsvæðinu, til greininga á rannsóknarstofu. Það skal tekið fram að söfnun mosasýna var ekki nægilega skipuleg til að gefa fullkomna mynd af mosaflóru svæðisins.

Tegundaskráning, lýsing gróðurlenda og söfnun mosa var gerð á tímabilinu 22. júlí - 26. sept. Kortið var teiknað á tímabilinu 20. október - 4. nóvember. Gróður var orðin nokkuð sölnaður er gróðurkortið var teiknað en það verk tafðist vegna vegna þess að beðið var eftir loftmyndunum og vegna ýmissa annarra erfiðleika. Tölvuvinnsla gróðurkortsins var unnin á Náttúrufræðistofnun Íslands og Guðmundur Guðjónsson hjá Náttúrufræðistofnun veitti margvíslegar ráðleggingar varðandi alla gerð kortsins. Bergþór Jóhannsson mosافرæðingur á Náttúrufræðistofnun greindi mosana.

## 3. Staðhættir og gróðurfur

Fjallshlíðin fyrir ofan Neskaupstað er brött og efst taka við hamrabelti hvert af öðru. Neðan megin hamrabelta eru brattar brekkur sums staðar skriðurunnar og víða nokkuð grýttar. Þessar brekkur eru víðast grónar lyngi og dálitlu birkikjarri. Þegar neðar kemur í hlíðina minnkar brattinn, einkum utan til, en á innri hluta svæðisins er bratti jafnari niður eftir og klettahjallar eru þar neðar eftir hlíðinni. Áfram er lynggróður ríkjandi er neðar dregur en meira ber á beitylengi og krækilyngi en ofar. Neðsti hluti hlíðarinnar er flatastur en þó talsvert hallandi. Gróðurfur er ýmist beitylengsmóar eða grasmóar og neðst eru gömul tún og garðlönd bæjarbúa. Nokkuð stórt skógarsvæði, Hjallaskógur er milli Neslækjar og Kvíabólslækjar og hefur skógur verið ræktaður þar síðan 1949. Mörg gil og skorningar skerast upp gegnum hlíðina og eru sum djúp

klettagil þegar upp kemur í hamrabeltin. Votlendisblettir, hálfdeig jaðarsvæði og graslendisræmur eru á nokkrum stöðum.

#### 4. Gróðurlendi

Eins og lesa má af gróðurkortinu eru megin gróðurlendi á svæðinu lyngmóar (B), grasmóar (H) og bersvæðagróður með mosa (A) og oftast smárunnum og grösum. Skógur er á nokkuð stóru samfelldu svæði (S) og auk þess er búið að planta miklu af trjám hér og þar á neðsta hluta svæðisins (\*) á síðustu árum. Einnig eru votlendisblettir (U) og hálfdeigjur (T) á nokkrum stöðum. Oft eru þessi gróðurlendi blönduð og blettir af einu innan um annað. Þar sem slíkt er áberandi er það táknað á kortinu t.d. A/B sem er blanda mosa- og lyngmóa.

##### *Lyngmóar*

Mikill hluti svæðisins er vaxinn lyngi og á neðsta hlutanum er beitleyng áberandi í móum, en einnig krækilyng og bláberjalyng (B4). Í dældum er bláberjalyng og aðalbláberjalyng meira áberandi. Blómgróður og grös eru sumsstaðar í giljum. Þegar ofar dregur í brekkurnar uppundir brattari hluta fjallshlíðarinnar er bláberjalyng meira áberandi, en beitleyng er þó enn mjög ríkjandi ásamt krækilyngi. Talsvert ber á sauðamerg og sortulyngi. Í bröttum brekkum neðan megin hamrabeltanna er lynggróður enn áberandi (B7). Þar eru bláberja- og aðalbláberjalyng ráðandi en beitleyng og krækilyng eru áfram áberandi á hryggjum. Víða eru brúskar af birki og sums staðar dálitlar spildur vaxnar samfelldu birkikjarri (#). Blómgróður er víða mikill í brekkunum þar sem skýlt er. Nokkur munur er á lyngmóunum efst og neðst í fjallshlíðinni. Efst er bláberja- og aðalbláberalyngið meira áberandi en neðar þar sem beitleyng og krækilyng setja svip sinn á móana og gróður er lávaxnari. Mörkin eru þó afar óljós og allar tegundir lyngs finnast neðan frá og uppúr í hlíðinni.

##### *Graslendi*

Graslendi er einkum neðst í fjallshlíðinni. Það sem næst er byggð er raskað af manna völdum (r) og víða merki um garðlönd bæði gömul og ný (g). Á ytri hluta svæðisins, utan við Konráðslæk munu víðast hafa verið tún áður fyrr (R). Tegundir eins og snarrótarpuntur, língresi, ilmreyr, maríustakkur, fífill og sóley eru víðast algengar í þessum gömlu tünnum og sums staðar eru enn túngrös t.d. háliðagras. Ofan við gömlu túnin og á innri hluta svæðisins eru grasmóar með tegundum eins og bugðupunti, vinglum, língresi og ilmreyr (H1). Grasmóarnir verða svo blandaðir smárunnum eftir því sem ofar dregur bæði lyngi og lávöxnum víði. (H3). Innan til á svæðinu er þursaskegg á nokkrum stöðum áberandi í grasmóunum. Ofan við grasmóana taka lyngmóarnir við.

Graslendisræmur eru á nokkrum stöðum ofar í hlíðinni. Þetta eru mjóar ræmur eða litlir blettir og sums staðar blandaðir smárunnum. Á Kúahjalla vex t.d. reyrgresi á talsverðu svæði auk þess sem língresi og snarrót eru algeng þar. Við Vatnshól eru einnig grasmóa blettir með ilmreyr, língresi o.fl.

##### *Mosaflákar- Bersvæðagróður*

Á framhlaupum og hryggjum í hlíðinni er melagróður með mosa, smárunnum, blómplöntum og grösum. Þessi gróður er víða nokkuð gisin en annars staðar samfelldur. Mosi er yfirleitt ekki mjög áberandi í gróðri á rannsókersvæðinu en í hálfgrónum giljum og kletthjöllum er mosi þó áberandi ásamt grösum og/eða

smárunnum (A4, A5 eða A8). Einnig er sumsstaðar talsverður mosi í móagróðri á uppgrónum framhlaupum neðan til í hlíðinni.

#### *Votlendi*

Fremur lítið votlendi er á rannsóknarsvæðinu og hvergi stórar mýrar. Mýrablettir (U) og deiglendisblettir (T) eru þó á ýmsum stöðum. Í mýrum eru t.d. tegundir eins og klófífa og mýrastör og á jaðarsvæðum hrossanál, elftingar og fleiri tegundir. Dálítill votlendisfláki er í brekkunni ofan við skógræktarsvæðið og einnig eru votlendisblettir á Kúahjalla og við Vatnshól og á nokkrum fleiri stöðum. Sumsstaðar eru rakir graslendisblettir við jaðar blautari svæða t.d. á Kúahjalla þar sem er vaxtarstaður grástarar. Á klettabrúninni á Kúahjalla er skemmtileg broddstararbriða.

#### *Skógrækt*

Hjallaskógur er blandaður skógur. Birki er þó aðaltrjategundin en talsvert er af barrtrjám svo sem sitkagreni, rauðgreni, stafafuru, broddfuru og lerki (Aðalsteinn Halldórsson, óbirt gögn; Sigurður Blöndal 1994) og alaskaösp hefur verið gróðursett þar.

Víða hafa tré verið gróðursett utan gamla skógræktarsvæðisins einkum í neðsta hluta rannsóknarsvæðisins (\*) og a.m.k. sumt eru reitir sem einstaklingar í skógræktarfélagi Neskaupstaðar hafa haft umsjón með (Aðalsteinn Halldórsson, munnl. uppl.). Nýjar gróðursetningar eru af ýmsum tegundum, birki, lerki, barrtrjám og ösp. Einnig hefur birki sáð sér frá skógarsvæðinu í Hjallaskógi. Skjólbelti er í kringum gamalt tún neðan við Kúahjalla.

#### *Snjódældagróður*

Á gróðurkortinu er snjódældagróður ekki sérstaklega kortlagður en gróður ber þess merki að snjóþyngsli séu nokkur. Finnungur víða í giljum og lægðum um svæðið, sem vitnar um að snjór skýli að jafnaði að vetri. Einkum er finnungur áberandi á svæðinu ofan við Vatnshól, upp af Kúahjalla, í deiglendinu ofan við skóginn og víða í grasmóum á innri hluta svæðisins. Aðalbláberjalyng er einnig nær alls staðar er að finna í dældum og giljum. Upp undir megin hamrabeltinu og í djúpum klettagiljum upp í fjallshlíðinni eru fleiri tegundir sem vitna um snjóþyngsli svo sem skjaldburkni, grámulla, fjalladepla og klukkublóm.

### **5. Gróður neðan við Drangaskarð.**

Allmikið gróðurlendi er í skál undir Drangaskarði, svonefndum Rósubotnum (Möngubotnum) í 550- 650 m hæð yfir sjó. Þar eru lynglautir með bláberjalyngi, aðalbláberjalyngi og mólendi með bláberja- og krækilyngi. Graslendi er nokkuð í brekkunum með bugðupunti og ilmreyr. Maríustakkur er áberandi í breiðum í snjódældum. Gróður er þarna óvenju gróskumikill miðað við hæð yfir sjó. Talsverður fjöldi tegunda hefur verið skráður á þessu svæði eða 45 (1. tafla), en þær gætu verið eitthvað fleiri þar sem ekki var gerð mjög ítarleg tegundaskráning á svæðinu.

### **6. Flóra**

Alls fundust 149 tegundir villtra háplantna á öllu svæðinu við gróðurskoðun sumarið 1997. Í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru áreiðanlegar heimildir um a.m.k. 14 - 16 tegundir til viðbótar sem fundist hafa á þessu svæði (Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur 1997, skrá yfir fundarstaði háplantna,). Alls vaxa því a.m.k.

163 165 tegundir háplantna úr íslensku flórunni á rannsóknarsvæðinu (2. tafla). Lægri talan er miðuð við þær tegundir sem lýst er í Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) en með í hærri tölunni eru smáttegundir undafífla og maríustakka sem greindar hafa verið af þessu svæði. Miðað við lægri töluna og að á Íslandi vaxi 485 tegundir er hér um að ræða um 34% flórunnar. Auk tegunda íslensku flórunnar vaxa á svæðinu allmargar tegundir skógarplantna sem þar hafa verið gróðursett og eitthvað af slæðingum. Einnig fundust 30 tegundir mosa á svæðinu (3. tafla).

Allmargar af þeim háplöntutegundum sem fundust eru fremur sjaldgæfar eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu. Þessar tegundir eru: Bláklukka, bergsteinbrjótur, dúnhulstrastör, dökkasef, grástör, gullsteinbrjótur, hagastör, litunarjafni, lyngbúi, maríuvöttur, skjaldburkni, sjöstjarna, skógfjóra, stinnasef og villilín.

Litunarjafni og skjaldburkni eru tegundir sem eru bundnar við snjóþung svæði á landinu. Bláklukka, gullsteinbrjótur, maríuvöttur, sjöstjarna og villilín eru nokkuð algengar víða um Austurland en sjaldgæfar í öðrum landshlutum. Þessar tegundir vaxa á rannsóknarsvæðinu og annarsstaðar í Norðfirði.

Tegundir sem eru fremur fágætar á landsvísu en þó fundnar hér og þar um landið eru: Hagastör, bergsteinbrjótur, dúnhulstrastör, grástör, dökkasef og skógfjóra. Hagastör, bergsteinbrjótur, skógfjóra og dúnhulstrastör finnast hér og þar á rannsóknarsvæðinu Grástörin hefur einkum fundist á Suður- og Suðvesturlandi og á nokkrum stöðum á Austurlandi (1. mynd). Hún vex á a.m.k. 2 stöðum á rannsóknarsvæðinu, á ofanverðum Kúahjalla og í brekku upp með Neslæk. Dökkasef hefur fundist á Kúahjalla. Þessar tegundir hafa fundist víðar í Norðfirði.

Mjög sjaldgæfar tegundir eru lyngbúi og stinnasef. Lyngbúinn vex einungis á fáum stöðum á Austurlandi (2. mynd) og einn af þeim er lækjargil á Kúahjalla. Lyngbúinn er friðlýstur skv. náttúruverndarlögum. Hann er á valista sem Náttúrfræðistofnun Íslands (1996) hefur gefið út, yfir plöntutegundir sem eiga undir högg að sækja. Þar er hann flokkaður sem tegund í yfirvofandi hættu. Auk gilsins á Kúahjalla er einungis skráður 1 vaxtarstaður til viðbótar í Norðfirði þ.e. í Haga. Lyngbúinn mun þó hafa fundist á a.m.k. 2 stöðum í viðbót utarlega í fjallshlíðinni, fyrir utan rannsóknarsvæðið (Hjörleifur Guttormsson, munnl. uppl.). Fremur fár plöntur vaxa á litlu svæði, á hverjum stað. Lyngbúinn hefur einhverja útbreiðslu í Njarðvík og Borgarfirði en er þar fyrir utan mjög sjaldgæfur.

Stinnasefið er einungis þekkt frá mjög fáum stöðum á landinu (3. mynd) og er einn af þeim við Vatnshól og annar á Litla-hjalla en þar er sefið líkega horfið vegna skógræktar (Eyþór Einarsson, munnl. uppl.). Það hefur fundist á nokkrum öðrum stöðum á Austurlandi.

## 7. Umræða og ályktanir

Gróður á rannsóknarsvæðinu í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað er nokkuð gróskumikill og ber þess merki að landið hefur verið friðað fyrir beit um árabil. Tegundafjölbreytni er óvenju mikil á svæðinu og vaxa þar flestar einkennistegundir Austurlands og ýmsar tegundir sem bundnar eru við snjóþung svæði. Þessi fjölbreytni er einmitt helsta verðmæti svæðisins. Fjölbreytni gróðurlenda er einnig nokkur og að jafnan mest þar sem raki er.

Lynggróður er mest áberandi gróðurlendi á rannsóknarsvæðinu en þar eru einnig graslendi, votlendi og skógur. Ofan til í hlíðinni er lyng og birkikjarr ríkjandi en neðan til eru lyngmóar blandaðir grösom og mosa. Innan við Konráðslæk ganga kletthjallar niður eftir hlíðinni og víða eru gilskorningar með skemmtilegum gróðurlautum. Ágætt berjaland er víða í giljum og bollum neðantil á svæðinu og uppi undir aðalbrekkunum.

Mörg gil og skorningar skerast upp gegnum fjallshlíðina, sum vel gróin aðalbláberjalyngi, bláberjalyngi, snjóðælda- og blómgróðri en önnur bera merki um að þar hafi fallið aurskriður og eru minna gróin. Þar sem skýlt er t.d. í giljum og bollum er víða ríkulegur blómgróður.

Fjölbreytni gróðurlenda er meiri þar sem einhver raki er eins og á Kúahjalla og næsta nágrenni þar sem gróður er fjölbreyttur og fallegur. Þar er skemmtilegur gróður í klettunum með tegundum eins og bergsteinbrjót og sótstör ásamt grösom, lyngi og hærnum. Uppi á klettinum þar sem raki er vaxa broddstör, hagastör, hárleggjastör og gullstör. Á hjallanum er fallegur blettur með reyrgresi og ofarlega á honum er breiða af grástör. Votlendisblettir eru með klófifu og störum og hálfdeigjur með hrossanál. Talsvert víðikjarr er á hjallanum og þar hefur verið gróðursett birki. Á milli eru lyngmóar og gil með snjóðælda- og lynggróðri. Gróðursett birkikjarr er neðanundir hjallanum.

Mikil fjölbreytni tegunda er á Kúahjalla og má þar finna allar þær fágætu tegundir sem er að finna á rannsóknarsvæðinu að stinnasefi undanskildu. Lyngbúinn vex í lækjargili á Kúahjalla. Kúahjallasvæðið verður því að öllu samanlögðu að teljast náttúrfarslega verðmætt svæði, vegna fjölbreytni og fegurðar en einnig vegna þess að þar er vaxtarstaður lyngbúans. Bygging varnargarðs neðan við Kúahjalla mun trúlega hafa áhrif á búsvæði plantna á hjallanum og hugsanlega verður umfang rasks það mikið að hjallinn spillist að hluta. Líklegt er að búsvæði lyngbúans sé mjög viðkvæmt fyrir breytingum og því ólíklegt að hægt sé að endurskapa það. Ekki verður heldur séð að gerlegt sé að endurskapa þá fjölbreytni sem einkennir þetta svæði verði henni spillt.

Svæðið kringum Vatnshól sker sig einnig nokkuð úr og þar er talsverð fjölbreytni gróðurlenda. Gróska er þó minni en á Kúahjalla. Margar tegundir stara finnast þar í deiglendi svo sem gullstör, ígulstör, broddstör, hárleggjastör og hengistör. Þar eru graslendisræmur, lyngmóar, sjálfsáð birki og trjáplöntun. Þar er að finna lækjarsytrur og uppsprettu með fallegum gróðri umhverfis. Lúpínu hefur verið sáð á nokkrum stöðum. Svæðið er mikið notað af bæjarbúum til útivistar. Ekki er ljóst hvert umfang rasks af mannvirkjagerð verður á þessu svæði í framtíðinni.

Hjallaskógur er fjölbreyttur skógur og í honum er víða fallegur undirgróður, bæði lynggróður, blómjurtir og starir og sef þar sem raki er. Lækjarsytrur eru nokkrar í skóginum og smá votlendisblettir. Hann hefur verið grisjaður og er a.m.k. hluti hans ágætur útivistarskógur. Utan gamla skógarreitsins er víða búið að gróðursetjatré, í smærri og stærri spildur og einnig hefur birki sáð sér frá skógræktarlandinu. Fyrirhuguð mannvirkjagerð mun raska neðsta og vestasta hluta Hjallaskógar og ná yfir lítinn skógarreit sem stendur neðar. Birkiskógur sem hefur verið gróðursettur neðan Kúahjalla og er orðin að myndarlegu kjarri mun einnig að öllum líkindum hverfa

undir athafnasvæðið og einnig skjólbelti þar fyrir neðan. Skógarsvæði sem tapast við mannvirkjagerð ætti að vera unnt að endurskapa þótt auðvitað taki langann tíma og kosti fjármuni að rækta upp skóg og skapa það gróðursamfélag sem er í áratuga gömlum skógi.

Gróðurinn neðan Drangaskarðs, uppi í Rósubotnum, er sérstaklega fallegur og gróskumikill miðað við hversu hátt svæðið er. Mjög skemmtilegt er að koma að þessari vin uppi í klettaumgjörð þeirri sem hún er í. Ef til mannvirkjagerðar kemur á þessu svæði ætti að gumgæfa möguleikanna á að halda í a.m.k. hluta af þessari gróðurvin.

## **8. Heimildir**

- Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undanfíflar III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 10. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. Bls. 163-261.
- Bergþór Jóhannsson 1996a. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 29. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. 127 bls.
- Bergþór Jóhannsson 1996b. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 31. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. 55 bls.
- Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík. 304 bls.
- Sigurður Blöndal 1994. Hjallaskógur í Neskaupstað. Grein í vikublaðinu Austurlandi í júlí 1994, Neskaupstaður.
- Válisti 1, plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík 1996. 82 bls.



**1. tafla.** Tegundalisti fyrir Rósubotna og svæðið neðan Drangaskarðs.

\* Upplýsingar úr gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nafngiftir skv. Hörður Kristinsson (1986).

<b>Íslenskt nafn</b>	<b>Latneskt nafn</b>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Hvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Skriðablóm	<i>Arabis alpina</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Rjúpastör *	<i>Carex lachenalii</i>
Mosalyng *	<i>Cassiope hypnoides</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Lækjafræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>
Fjallakobbi	<i>Erigeron uniflorus</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Fjaldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Fjandafæla	<i>Omalotheca norvegica</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Dvergsóley *	<i>Ranunculus pygmaeus</i>
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Þúfusteibrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>
Mosasteibrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Lækjasteibrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>
Stjörnusteibrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Skriðuhnoðri	<i>Sedum annuum</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>

**2. tafla.** Háplöntutegundir í fjallshlíðinni ofan við Neskaupstað. Rannsóknarsvæðið er neðan hamrabelta, milli Miðstrandargils og Bakkalækjar, ásamt Rósubotnum við Drangaskarð. \* Upplýsingar úr gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. # Tegundin einungis fundin neðan við Drangaskarð. Nafngiftir skv. Hörður Kristinsson (1986) og Bergþór Jóhannson (1989)

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Hálíngrasi	<i>Agrostis capillaris</i>
Lyngbúi	<i>Ajuga pyramidalis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Maríuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Silfurmaríustakkur *	<i>Alchemilla wichurae</i>
Hvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>
Skeggsandi *	<i>Arenaria norvegica</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Hálmgrasi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Sótstör	<i>Carex atrata</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Tvíbýlisstör	<i>Carex dioica</i>
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>
Grástör	<i>Carex flacca</i>
Rjúpstör * #	<i>Carex lachenallii</i>
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Gullstör	<i>Carex serotina</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Dúnhulstrastör	<i>Carex pilulifera</i>
Hagastör	<i>Carex pulicaris</i>
Hengistör *	<i>Carex rariflora</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Mosalýng *	<i>Cassiope hypnoides</i>

Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Lækjafræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Litunarjafni	<i>Diphazium alpinum</i>
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Fitjaskúfur *	<i>Eleocharis quinqueflora</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Fjalladúnurt #	<i>Epilobium anagallidifolium</i>
Heiðadúnurt *	<i>Epilobium hornemanni</i>
Ljósadúnurt *	<i>Epilobium lactiflorum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Fjallakobbi * #	<i>Erigeron uniflorus</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>
Fagurffífill *	<i>Hieracium elegantiforme</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloa odorata</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Dökkasef *	<i>Juncus castaneus</i>
Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>
Stinnasef *	<i>Juncus squarrosus</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>

Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Villilín *	<i>Linum catharticum</i>
Hjartatvíblaðka	<i>Listera cordata</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Gleym-mér-ey	<i>Myosotis arvensis</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Fjandafæla #	<i>Omalotheca norvegica</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Íslandsfífill	<i>Pilosella islandica</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Blákolla	<i>Prunella vulgaris</i>
Hjónagras	<i>Pseudorchis albida</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Dvergsóley * #	<i>Ranunculus pygmaeus</i>
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Tínsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Hnúskakrækill	<i>Sagina nodosa</i>
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Heimskautavíðir *	<i>Salix arctica</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Púfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Snæsteinbrjótur	<i>Saxifraga nivalis</i>
Vetrarblóm #	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Bergsteinbrjótur	<i>Saxifraga paniculata</i>
Lækjasteinbrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>

Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Skriðuhnoðri	<i>Sedum annuum</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Reyniviður	<i>Sorbus aucuparia</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Mýranál	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Sjöstjarna	<i>Trientalis europaea</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Mýrasauðlaukur *	<i>Triglochin palustre</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Skógfjóla *	<i>Viola riviniana</i>

---

**3. tafla.** Mosategundir í fjallshlíðinni ofan við Neskaupstað. Rannsóknarsvæðið er neðan hamrabelta, milli Miðstrandargils og Bakkalækjar, ásamt Rósubotnum við Drangaskarð. Ekki hafa allir mosar hlotið íslensk nöfn og er þeim því raðað eftir latnesku nafni. Íslensk nöfn skv. Begþór Jóhansson (1996a, 1996b).

Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Andreaea rupestris</i> Hedw.	Holtasóti
<i>Aulacomnium palustre</i> (Hedw.) Schwägr.	Bleikjukollur
<i>Blindia acuta</i> (Hedw.) Bruch et Schimp.	Almosi
<i>Bryum pseudotriquetrum</i> (Hedw.) Gärtner. et al.	Kelduhnokki
<i>Campylium stellatum</i> (Hedw.) J.Lange et C. Jens.	
<i>Cratoneuron falcatum</i> (Brid.) Roth	
<i>Dicranum bonjeanii</i> DeNot.	Mýrabrúskur
<i>Drepanocladus revolvens</i> (Sw.) Warnst.	
<i>Drepanocladus uncinatus</i> (Hedw.) Warnst.	
<i>Helodium blandowii</i> (Web. et Mohr) Warnst.	Lindakambur
<i>Hylocomium splendens</i> (Hedw.) Schimp.	Tildurmosi
<i>Philonotis fontana</i> (Hedw.) Brid.	Dýjahnappur
<i>Plagiochila porelloides</i> (Nees) Lindenb.	
<i>Pleurozium schreberi</i> (Brid.) Mitt.	Hrísmosi
<i>Pogonatum urnigerum</i> (Hedw.) P. Beauv.	Melhaddur
<i>Polytrichum alpinum</i> Hedw.	Fjallhaddur
<i>Polytrichum commune</i> Hedw.	Mýrhaddur
<i>Polytrichum juniperinum</i> Hedw.	Jarphaddur
<i>Racomitrium elongatum</i> Frisv.	Fjaðurgambri
<i>Racomitrium ericoides</i> (Brid.) Brid.	Melagambri
<i>Rhizomnium pseudopunctatum</i> (Bruch et Schimp.) T. Kop.	Heiðaskæna
<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i> (Hedw.) Warnst.	Engjaskraut
<i>Rhytidium rugosum</i> (Hedw.) Kindb.	Rjúpumosi
<i>Scapania undulata</i> (L.) Dum.	
<i>Sphagnum teres</i> (Schimp.) Ångstr.	Bleytuburi
<i>Sphagnum warnstorffii</i> Russ.	Rauðburi
<i>Tomentypnum nitens</i> (Hedw.) Loeske	
<i>Tritomaria quinquentata</i> (Huds.) Buch	

1. kort

## SKÝRINGAR

### **Purrlendi**

#### Mosagróður

- A4 Mosapemba með smárunnum
- A5 Mosapemba með grösum
- A8 Mosapemba með grösum og smárunnum

#### Lyngmóar

- B4 Beitilyng, krækilyng, bláberjalyng
- B7 Bláberjalyng, aðalbláberjalyng, krækilyng, beitilyng

#### Náttúrulegt birki

- # Slitrótt birkikjarr, stakir runnar

### **Graslendi**

- H1 Graslendi
- H3 Graslendi með smárunnum

#### Ræktað graslendi

- R4 Tún í órækt eða framræst land
- R5 Ræktað graslendi, uppgræðslusvæði

#### Ræktaður skógur

- S1 Birkiskógur
- S2 Blandaður skógur
- S3 Barrskógur

#### Trjáplöntun

- \* Ungar trjáplöntur, skjólbelti

## Votlendi

### Jaðar

T2	Hrossanál, starir, grös.
T6	Broddastör, víðir, starir
T9	Hrossanál, vingull

### Mýri

U4	Klófífa, mýrarstör
----	--------------------

## Ósamfelld gróðurpekja

x	2/3 gróið
z	1/2 gróið
p	1/3 gróið

## Grjót á yfirborði lands

a	Talsvert grýtt
b	Mikið grýtt
k	Klettabelti

## Raskað land

g	Garðlönd
r	Raskað land



2. kort

## SKÝRINGAR

### **Purrlendi**

#### Mosagróður

- A4 Mosapemba með smárunnum
- A5 Mosapemba með grösum
- A8 Mosapemba með grösum og smárunnum

#### Lyngmóar

- B4 Beitilyng, krækilyng, bláberjalyng
- B7 Bláberjalyng, aðalbláberjalyng, krækilyng, beitilyng

#### Náttúrulegt birki

- # Slitrótt birkikjarr, stakir runnar

### **Graslendi**

- H1 Graslendi
- H3 Graslendi með smárunnum

#### Ræktaður skógur

- S3 Barrskógur

#### Trjáplöntun

- \* Ungar trjáplöntur

### **Votlendi**

#### Jaðar

- T2 Hrossanál, starir, grös.
- T6 Broddastör, víðir, starir
- T9 Hrossanál, vingull

### **Mýri**

- U4 Klófífa, mýrarstör

## Ósamfelld gróðurþekja

x	2/3 gróið
z	1/2 gróið
þ	1/3 gróið

## Grjót á yfirborði lands

a	Talsvert grýtt
b	Mikið grýtt
k	Klettabelti

## Raskað land

g	Garðlönd
r	Raskað land
N	Efnisnámur